

# 2011

## Hugmyndir að hentugum trjátegundum fyrir sumarhúsaeigendur



Magnús Bjarklind

Horticum menntafélag ehf

1/1/2011

“Íslenskar tegundir”

	<p><b>Birki:</b> Harðgert, nægjusamt, vex frekar hægt en áfallalaust. Bestu kvæmi eru t.d. Embla sem hefur ljósan og beinvaxinn stofn.</p>
	<p><b>Blæösp:</b> Fallegt íslenskt lauftré. Laufblöð hreyfast fallega í vindi og gefa frá sér þyt.</p>
	<p><b>Ilmreynir:</b> Harðgerður, vindþolinn, blómstrandi og með ber sem laða að sér fugla. Hentar vel stakstæður vegna fallegrar krónu.</p>
	<p><b>Loðvíðir:</b> Mjög harðger og auðveldur í ræktun. Passar mjög vel saman með birki og fjalldrapa.</p>
	<p><b>Grasvíðir:</b> Jarðlægur og skriðull runni, um 5 cm hár.</p>
	<p><b>Gulvíðir:</b> Mjög breytilegur runni, allt frá jarðlægur til 6 m hár. Nokkuð vindþolinn og kelur að öllu jöfnu ekki.</p>
	<p><b>Brekkuvíðir:</b> Þéttur og breiður runni, allt að 3 m á hæð. Mjög vind- og seltupolinn.</p>

	<p><b>Grávíðir:</b> Mjög harðger og auðveldur í ræktun. Passar mjög vel saman með birki og fjalldrapa. Er nokkuð grófari og hærri en loðvíðir.</p>
	<p><b>Íslenskur einir:</b> Eina “íslenska barrtréð” Fallegur sígrænn og lágvaxinn runni.</p>
	<p><b>Fjalldrapi:</b> Mjög fallegur lágvaxinn runni sem sómir sér vel innan um birki og villtar víðitegundir. Er harðgerður og nægjusamur en kýs sólríkan stað.</p>

### Víðitegundir

	<p><b>Alaskavíðir:</b> Grófgerður runni eða tré. Mjög vindþolinn og hentar vel í skjólbelti en verður fljótt gisinn að neðan. Brúnn alaskavíðir (Tröllavíðir) er grófari og harðgerðari en sá græni (Gústa). “Hríma” hefur mikla vaxtagetu en hættir við kali á suðurlandi og á það til að velta um koll.</p>
	<p><b>Jörfavíðir:</b> Klónn af alaskavíði. Mjög harðgerður og fljótvaxta. Hentar mjög vel í skjólbelti. Vex vel í sendnum jarðvegi.</p>
	<p><b>Selja:</b> Mjög harðger og fallegur víðir. Hentar vel sem stakstætt tré. Afar fallegir karlreklar á vorin.</p>



	<p><b>Viðja:</b> Stórvaxinn runni eða miðlungsstórt tré. Hentar ágætlega í skjólbelti. Laufið nokkuð viðkvæmt fyrir seltu.</p>
	<p><b>Gljávíðir:</b> Stórvaxinn runni eða tré. Er nánast ónothæfur vegna ryðsvepps.</p>
	<p><b>Rjúpuvíðir:</b> Lágvaxinn og þéttur runni. Fallegur í steinahæðir og innan um hærri gróður.</p>
	<p><b>Myrtuvíðir:</b> Lágvaxinn og þéttur runni, um 50 cm hár. Mjög harðgerður og vindþolinn. Heldur lafi yfir veturinn.</p>
	<p><b>Vesturbæjarvíðir:</b> Skemmtilegur runni með hangandi greinar og ílöng laufblöð.</p>
	<p><b>Bjartvíðir:</b> Skemmtilegur runni með sérkennilegt vaxtarlag. Nokkuð harðgerður.</p>

Sígrænar tegundir

	<p><b>Broddfura:</b> Harðgert og nægjusamt tré. Vex frekar hægt en áfallalaust. Verður allra trjáa elst (5000 ára)</p>
	<p><b>Lindifura:</b> Þarf gott skjól. Þolir illa vorsól og skafrenning.</p>
	<p><b>Heiðarfura:</b> Meðalhár sígrænn runni 2-4 m. Vex vel í sendnum og vel framræstum jarðvegi.</p>
	<p><b>Stafafura:</b> Vex mjög vel við góð skilyrði. Getur átt erfitt í uppvexti og þurft skýlingu. Vex áfallalaust eftir að 3 m er náð.</p>
	<p><b>Skógarfura:</b> Mjög sólelsk og vindþolinn. Þolir mjög illa furulús.</p>
	<p><b>Bergfura:</b> Mjög lágvaxinn en þéttur runni. Hentar vel þar sem menn vilja ekki hávaxnar tegundir. Þarf skjól fyrstu árin.</p>
	<p><b>Himalajæinir:</b> Fallegur sígrænn og lágvaxinn runni. Stærri og grófbyggðari en íslenski einirinn.</p>

	<p><b>Rauðgreni:</b> Vex best í skjólgóðum birkiskógum. Er mjög skuggþolið.</p>
	<p><b>Hvítgreni:</b> frekar lágvaxið en afar harðgert. Vex við minni sumarhita en sitkagreni. Frekar skugg- og vindþolið.</p>
	<p><b>Sitkagreni:</b> Afar fljótsprottið, salt- og vindþolið. Fer oft illa vegna sitkalúsar.</p>
	<p><b>Blágreni:</b> Harðgert en frekar hægvaxta til að byrja með. Vex að öllu jöfn helmingi hægar en sitkagreni fyrstu árin. Hentar vel á snjóþungum svæðum vegna slútandi greinaenda.</p>
	<p><b>Fjallapínur:</b> Mjög skuggþolinn en hægvaxta. Hefur náð 15 m hæð í Hallormsstaðarskógi.</p>

Stakstæð tré


	<p><b>Alaskaösp:</b> Þarf helst næringarríkan og rakan jarðveg. Margir klónar eru til, t.d. Pinni, Salka, Keisari og Brekkan. Kvk plöntur geta sáð miklu fræi.</p>
	<p><b>Balsamösp:</b> Lægri og fíngerðari en alaskaöspin.</p>
	<p><b>Askur:</b> Þarf skjólgóðan og sólríkan stað. Laufgast seint.</p>
	<p><b>Álmur:</b> Skugg- og vindþolinn en þarf á skjóli að halda í uppvexti. Verður mjög stór um sig og nær háum aldri.</p>
	<p><b>Hlynur:</b> Blöðin þola illa rok. Þarf gott skjól í uppvexti.</p>
	<p><b>Vörtubirki:</b> Afar falleg greinabygging með slútandi greinaendum. Fallegur ljós litur á berki. Þarf skjólgóðan og sólríkan stað.</p>
	<p><b>Steinbjörk:</b> Sérstaklega fallegur hvítur litur á berki. Hefur lítið verið notað hérlendis.</p>

	<p><b>Silfurreynir:</b> Nokkuð harðgerður og vindþolinn. Getur átt erfitt í uppvexti og hættir til að kala mikið á haustin.</p>
	<p><b>Skrautreyrnir:</b> Stórvaxinn runni eða meðalstórt tré. Myndar falleg hvít blóm og fær fallega haustliti.</p>
	<p><b>Gráreyrnir:</b> Fallegur sem stakstætt tré. Þolir betur seltu en ilmreyrnir. Fær síður reyniátu en ilmreyrnir.</p>
	<p><b>Fjallareynir:</b> Runni eða lágvaxið tré með afar fallega haustliti.</p>
	<p><b>Gráelri:</b> Líkist birki í útliti. Mjög harðgert og fallegt tré með fallega rekla sem hanga á yfir veturinn. Laufblöð eru ekki vindþolin. Þarf ekki áburð.</p>
	<p><b>Rauðelri:</b> (svartelri, alpaelri) þarf skjólgóðan og sólríkan stað. Þarf ekki áburð.</p>
	<p><b>Grænelri:</b> Harðgerður runni. Myndar mikið af rótarskotum. Þarf ekki áburð.</p>



	<p><b>Sitkaelri:</b> Margstofna tré eða runni með fallega appelsínugula árssprota. Þarf ekki áburð.</p>
	<p><b>Siberíulerki:</b> Harðger landgræðsluplanta. Verður nokkuð hávaxin 20-25 m. Hættir til að fá vorkal. Vex betur á norðurlandi.</p>
	<p><b>Rússalerki:</b> Harðger landgræðsluplanta. Verður nokkuð hávaxin 20-25 m. Vex betur á suðurlandi</p>
	<p><b>Evrópulerki:</b> Þarf helst skjólgóðan stað. Vex ágætlega í þurrum og sendnum jarðvegi.</p>
	<p><b>Mýralerki:</b> Vex frekar illa sunnanlands. Þarf sólríkan stað.</p>

#### Runnar og lágvaxin tré


	<p><b>Fjallagullregn:</b> Afar fallett og blómrikt tré sem getur þrífist á skjólríkum stað.</p>
---	---

	<p><b>Baunatré (kergi):</b> Hár runni eða lágvaxið tré. Myndar falleg gul blóm í klösum. Blómin eru ekki eitruð.</p>
	<p><b>Heggur:</b> Frekar lágvaxið tré sem blómstrar fallega hvítum blómum. Setur oft mikið af rótarskotum. Gæti verið á skjólgóðum stað. Hættir til að fá átu.</p>
	<p><b>Alaskaillir:</b> Mjög hraðvaxta og skuggþolinn skógarbotnsplanta. Blöðin þola illa mikinn vind. Þarf rakan og frjóan jarðveg. Berin laða að sér fugla.</p>
	<p><b>Fjallarifs:</b> Mjög skuggþolin, laufgast snemma, þéttur og harðgerður runni 1-1.5 m.</p>
	<p><b>Gljámispill:</b> Vindþolinn og harðgerður runni. Mikið notaður sem limgerðisplanta en er einnig mjög fallegur óklipptur. Fær mjög fallega rauða haustlíti.</p>
	<p><b>Skriðmispill:</b> Skriðull og þéttgreinóttur runni með falleg rauð ber sem hanga á megnið af vetrinum.</p>
	<p><b>Fagursýrena:</b> Mjög blómviljugur og fallegur runni eða lágvaxið tré. Blómin mikið ilmandi. Þolir ágætlega hálfskugga en blómstar best á sólríkum stað.</p>

	<p><b>Gljásýrena:</b> Mjög blómviljugur og fallegur runni eða lágvaxið tré. Blómin slútandi, dökkfjólublá og mikið ilmandi. Þolir illa mikinn vind og blómstrar best á sólríkum stað.</p>
	<p><b>Blátoppur:</b> Harðgerður runni sem þarf ekki að klippa. Er nokkuð skuggþolinn og hentar vel innan um hærri tré.</p>
	<p><b>Gultoppur:</b> Harðgerður og hraðvaxta runni, 2-3 m á hæð. Falleg gul blóm</p>
	<p><b>Glótoppur:</b> Kraftmikill og grófgerður runni með kræklótt vaxtarlag. Líkist nokkuð glæsitoppi en blómstrar meira, dökkgulum blómum.</p> <p><b>Klukkutoppur:</b> Skemmtilegur runni með falleg brumhlífðarblöð sem skjáfar í. Fær gulhvít blóm og appelsínugult aldin.</p>
	<p><b>Hafþyrnir:</b> Mjög skemmtilegur grófgerður og þyrnóttur runni. Þarf helst að vera á frekar vindasömum stað. Laðar að sér fugla með gómsætum berjum.</p>
	<p><b>Ígulrós:</b> Harðgerður runni um 1,5 m á hæð. Mikið ilmandi og falleg blóm.</p>
	<p><b>Hansarós:</b> Afbrigði af ígulrós. Mjög harðgerður og blómviljugur lágvaxinn runni. Vind- og seltuþolinn. Vex afar vel í sendnum jarðvegi.</p>

	<p><b>Þyrnirós:</b> Lágvaxinn og þéttbyggður runni. Blómviljugur og harðgerður. Vex villt á nokkrum stöðum hérlandis.</p>
	<p><b>Meyjarós:</b> Harðgerð rós með stóra og illa stingandi þyrna. Falleg dökkrauð blóm með gula fræfla. Dökkrautt aldin sem hangir á megnið af vetrinum.</p>
	<p><b>Fjallarós:</b> Mjög harðgerður runni, um 2-3 m á hæð. Vind- og seltuþolin. Hentar vel í sendinn jarðveg. Fær sérstaklega fallega haustliti.</p>
	<p><b>Geislasópur:</b> Afar blómviljugur runni. Blómin mikið ilmandi. Er hálf-sígrænn. Þolir ágætlega særok.</p>
	<p><b>Ilmkóróna:</b> Skuggþolinn og þéttur runni. Þarf þó sól til að blómstra.</p>
	<p><b>Kvistar:</b> Mjög margir kvistar eru í boði. Flestir eru með hvít eða bleik blóm. Birkikvistur er mest notaður, blómviljugur og með fallega haustliti.</p>
	<p><b>Runnamura:</b> Afar blómviljugur og þéttgreindur runni. Blómstrar síðsumars.</p>



	<p><b>Sunnu- og purpurabroddur:</b> Mjög harðgerðir runnar með illa stingandi þyrna. Fá mjög fallega haustliti.</p>
	<p><b>Snjóber:</b> Mjög skuggþolinn og harðgerður runni. Fær falleg hvít ber sem hanga á yfir veturinn. Breiðir úr sér með rötarskotum. Vex vel í sendnum jarðvegi.</p>
	<p><b>Reyniblaðka:</b> Mjög skuggþolinn og blaðfallegur runni. Nokkuð vind- og seltupólin. Setur mörg rötarskot.</p>
	<p><b>Hélurifs:</b> Mjög þekjandi lágvaxinn runni. Fær blásvört ber sem eru æt. Fallegir haustlitir.</p>
	<p><b>Stikilsber:</b> Þyrnóttur runni með langar slútandi greinar. Fær stór ber sem ná yfirleitt góðum þroska á sólríkum stað.</p>
	<p><b>Rifs og sólber:</b> Ómissandi berjarunnar við alla sumarþustaði. Rifs þolir betur vind og skugga, m.t.t. berja</p>

„Nýjar“ spennandi tegundir

	<p><b>Hestakastanía:</b> Gæti vel þrifist á mjög skjólsælum stað í sól.</p>
	<p><b>Mjallarhirnir:</b> Sérlega fallegar rauðar greinar. Mjög áberandi í snjó.</p>
	<p><b>Ýviður:</b> Vex ágætlega í Kirkjugarðinum við Suðurgötu. Berin eru mikið eitruð</p>
	<p><b>Skógarbeiki:</b> Vex ágætlega í Fossvogskirkjugarði</p>
	<p><b>Eplatré:</b> Margar tegundir koma til greina, t.d. skógarepli.</p>
	<p><b>Sumareik:</b> Mjög spennandi trjátegund. Hægt er að fá norska sumareik í Nátthaga.</p>
	<p><b>Silfurblað:</b> Lágvaxinn runni með silfurlit blöð. Vex vel í sendnum jarðvegi.</p>

